

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1411/2001/EB

frá 27. júní 2001

um rammaákvæði bandalagsins um samvinnu sem miðar að því að stuðla að sjálfbæru þéttbýlisskipulagi

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

nauðsynlegan lagagrundvöll til að fjármagna slíka starfsemi í mörg ár.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

5) Evrópuþingið hefur samþykkt ályktanir ⁽⁷⁾ um að styrkja stefnu Evrópusambandsins í umhverfismálum í þéttbýli.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

6) Svæðanefndin hefur samþykkt álitgerðir um samstarf yfir landamæri og fjölbjóðlegt samstarf staðaryfirvalda ⁽⁸⁾ og um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar: „Þéttbýlisáætlun Evrópusambandsins“ ⁽⁹⁾.

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

7) Samkvæmt fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála ber öllum hlutaðeigandi aðilum, þ.m.t. framkvæmdastjórninni og staðaryfirvöldum, að grípa sameiginlega til samstilltra aðgerða til að ná markmiðunum fyrir sjálfbæra þróun og bera í sameiningu þá ábyrgð sem því fylgir.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. í sáttmálanum ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í sáttmálanum er kveðið á um þróun og framkvæmd stefnu bandalagsins í umhverfismálum og sett fram markmið og meginreglur þeirrar stefnu.

8) Í 28. kafla dagskrár 21, sem fjallað var um í bókuninni sem var undirrituð á leiðtogafundinum í Ríó árið 1992, er kveðið á um að flestum staðaryfirvöldum í hverju landi beri að hefja samráð við íbúa sína og ná samstöðu um staðardagskrá 21 fyrir sveitarfélagið.

2) Með því að samþykkja ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB ⁽⁵⁾ staðfesti bandalagið stuðning sinn við almennt verklag og skipulag áætlunarinnar „Fram til sjálfbæris“ ⁽⁶⁾ sem framkvæmdastjórnin hafði samþykkt.

9) Til að unnt verði að ná markmiðunum fyrir sjálfbært þéttbýlisskipulag, hleypa dagskrá 21 af stokkunum og framfylgja löggjöf bandalagsins er nauðsynlegt að staðbundin yfirvöld skilgreini, þrói og miðli góðum starfsvenjum og einnig þarf að auka skilning þeirra á þessum starfsvenjum.

3) Margar af alþjóðlegum skuldbindingum bandalagsins, einkum þær er varða aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, er aðeins hægt að uppfylla í samvinnu við yfirvöld á viðkomandi stöðum.

10) Auka þarf afkastagetu neta staðaryfirvalda á evrópskum vettvangi, móta og miðla góðum starfsvenjum viðvíkjandi sjálfbæru þéttbýlisskipulagi og staðardagskrá 21 og tryggja að þessi starfsemi sé samræmd þannig að framkvæmdastjórnin fái upplýsingar og álitgerðir frá staðaryfirvöldum um ný sjónarhorn og framtíðarhorfur á sviðum sem tengjast sjálfbærri þróun.

4) Í orðsendingu sinni: „Sjálfbært þéttbýlisskipulag í Evrópusambandinu: aðgerðir“, frá 28. október 1998, skuldbatt framkvæmdastjórnin sig til að styrkja áfram netsamstarf staðaryfirvalda og tryggja viðeigandi og

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 56 E, 29.2.2000, bls. 68.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 204, 18.7.2000, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 317, 6.11.2000, bls. 33.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. desember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 18. júní 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB C 226, 20.7.1998, bls. 34 og 36 og Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 44.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB C 51, 22.2.1999, bls. 21.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB C 251, 10.8.1998, bls. 11.

- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum með fyrirhuguðum aðgerðum, sem eru þau að miðla góðum starfsvenjum á evrópskum vettvangi og beita evrópskum netum til að auka skilning staðaryfirvalda, er auðveldara að ná þeim á vettvangi bandalagsins og er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Með þessari ákvörðun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum í samræmi við meðalhófsregluna eins og hún er sett fram í fyrirnefndri grein.
- 12) Skilgreina þarf þá starfsemi sem unnt er að styðja samkvæmt rammaákvæðum bandalagsins um samvinnu.
- 13) Taka þarf upp skilvirkar vöktunar- og matsaðferðir og veita hugsanlegum styrkþegum og almenningi viðeigandi upplýsingar.
- 14) Meta þarf beitingu þessara rammaákvæða um samvinnu með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst fyrstu árin sem þeim er beitt og veita Evrópuþinginu og ráðinu upplýsingar þar að lútandi.
- 15) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir á meðan áætlunin varir og er grunnviðmiðun fyrir fjárveitingavaldið í skilningi 33. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og bættu fjárlagagerð (¹).
- 16) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (²).

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hér með eru sett rammaákvæði bandalagsins um samvinnu (hér á eftir nefnd „rammaákvæði um samvinnu“) til að veita fjárhagslegan og tæknilegan stuðning við net sem komið er á milli staðaryfirvalda í a.m.k. fjórum aðildarríkjum og, þegar við á, í borgum og bæjum í löndunum, sem um getur í 8. gr., í þeim tilgangi að hvetja til mótunar, miðlunar og beitingu góðra starfsvenja að því er varðar:

- beitingu umhverfislöggjafar Evrópusambandsins á staðargrundvelli,

(¹) Stjútíð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

(²) Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- sjálfbært þéttbýlisskipulag,
- staðardagskrá 21.

Helstu aðilar að þessari samvinnu eru framkvæmdastjórnin, net milli staðaryfirvalda, skipulagðir fjölgagsmunaaðilar í þéttbýli, bandalagsnet eins og frjáls félagasamtök, háskólar og aðrir hlutaðeigandi aðilar sem eru skipulagðir á evrópskum grundvelli.

2. gr.

1. Í viðaukanum er skilgreind sú starfsemi sem bandalagið getur stutt samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu.
2. Framkvæmdastjórnin getur styrkt hvers konar net milli staðaryfirvalda samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. eða, ef um er að ræða hliðarráðstafanir sem um getur í C-hluta viðaukans, styrkt aðra sem eru styrkhæfir og hafa áhuga á að innna af höndum þá starfsemi.
3. Stuðningur frá bandalaginu skal tengjast starfsemi sem á að fara fram á því ári sem fjárframlaginu er úthlutað eða á næstu tveimur árum á eftir.
4. Leiðbeinandi sundurliðun fjárstuðningsins eftir starfsemi er sett fram í viðaukanum.

3. gr.

Bandalagið skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr., meta tillögurnar sem lagðar eru fram og velja úr þeim verkefni til að fjármagna sem falla undir þau forgangspæmu sem um getur í 4. gr.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal birta auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* þar sem lýst er þeim forgangspæmum sem verkefni þurfa að falla undir til að fá fjárstuðning og tilgreindar viðmiðanir við val og styrkveitingu ásamt málsmeðferð við umsókn og samþykki.
2. Net staðaryfirvalda samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. sendir framkvæmdastjórninni tillögur að styrkhæfum verkefnum en aðrir, sem koma til greina sem styrkþegar, senda tillögur sem varða þá starfsemi sem er tilgreind í C-hluta viðaukans.
3. Á hverju ári skal birta auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* eigi síðar en 31. janúar þar sem leitað er eftir tillögum að verkefnum samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu. Þegar þessar tillögur hafa verið metnar skal framkvæmdastjórnin ákveða, eigi síðar en 31. maí, hvaða verkefni hún muni fjármagna. Ákvörðun um hvaða verkefni skuli fjármögnuð skal leiða til þess að gerður verði samningur um réttindi og skyldur aðilanna við þá styrkþega sem eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni.
4. Birta skal skrá yfir styrkþega og verkefni sem hafa fengið styrk samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu ásamt upplýsingum um fjárhæð styrksins.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að starfsemi og verkefni bandalagsins samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu séu í samræmi og tryggi samvirkni við aðrar áætlanir og framtaksverkefni bandalagsins og komi til fyllingar þeim, einkum að því er varðar framtaksverkefnið um þéttbýli sem um getur í 20. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1260/1999 frá 21. júní 1999 um almenn ákvæði um þróunarsjóðina ⁽¹⁾. Verkefni, sem eru fjármögnuð innan ramma annarra áætlana og sjóða bandalagsins, eru ekki styrkhæf samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu.

6. gr.

1. Rammaákvæðin um samvinnu ganga í gildi 1. janúar 2001 og falla úr gildi 31. desember 2004. Fjárhagsramminn fyrir beitingu þessara rammaákvæða um samvinnu er 14 milljónir evra á tímabilinu 2001 til 2004.

Árlegar fjárveitingar skulu heimilaðar af fjárveitingavaldi og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

2. Unnt er að fá styrk að fjárhæð 350 000 evrur eða meira en þó því aðeins að löggiltur endurskoðandi hafi áritað reikninga styrkþegans fyrir árið á undan. Reikningar fyrir tímabilið, þegar styrkurinn er notaður, skulu einnig áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Einungis er unnt að fá styrki sem eru lægri en 350 000 evrur ef reikningar styrkþega fyrir árið á undan liggja fyrir í formi sem framkvæmdastjórnin viðurkennir og reikningar fyrir tímabilið, þegar styrkurinn er notaður, eru einnig lagðir fram í því formi.

7. gr.

Verkefni skulu stuðla að því að markmiðunum, sem um getur í 1. gr., verði náð og skulu valin með hliðsjón af eftirfarandi almennum viðmiðunum:

- eðlilegu hlutfalli milli kostnaðar og ábata,
- varanlegum margfeldisáhrifum á evrópskum vettvangi,
- skilvirkri og jafnvægri samvinnu milli aðila við skipulagningu, framkvæmd og fjármögnun aðgerða,
- hlut í fjárframlagi,
- framlagi til fjölþjóðlegrar nálgunar, einkum til samstarfs yfir landamæri innan bandalagsins og, þar sem við á, samstarfs við nágrannalönd yfir landamæri bandalagsins,
- framlagi til nálgunar, sem byggist á samþættingu margra atvinnugreina, og til sjálfbærs þéttbýlisskipulags, að teknu tilliti til félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta þess,
- hversu stór þáttur allra aðila er, þ.m.t. fulltrúa hins borgaralega samfélags,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 161, 26.6.1999, bls. 1.

- að hve miklu leyti verkefnið styrkir og hleypir nýju lífi í opinbera þjónustu sem varðar almenna hagsmuni.

8. gr.

Net staðaryfirvalda skulu geta gerst aðilar að þessari samvinnu, þ.m.t. borgir og bæir í Mið- og Austur-Evrópu, á Kýpur og Möltu og í öðrum löndum sem hafa gert samstarfssamninga við bandalagið.

9. gr.

1. Til að tryggja góðan árangur af starfseminni sem styrkþegar bandalagsins standa að skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir:

- til að ganga úr skugga um að verkefnið, sem framkvæmdastjórnin fjármagnar, hafi verið unnin á réttan hátt,
- til að fyrirbyggja og grípa til ráðstafana gegn vanrækslu,
- til að endurheimta, þar sem við á, fjárhæðir sem hafa verið fengnar á röngum forsendum.

2. Með fyrirvara um endurskoðun Endurskoðunarrettarins skv. 248. gr. sáttmálans eða eftirlit í samræmi við c-lið 279. gr. sáttmálans er embættismönnum og öðru starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar heimilt að kanna starfsemi, sem er fjármögnuð samkvæmt þessum rammaákvæðum um samvinnu, með vettvangsheimsóknun, þ.m.t. að taka sýni til skoðunar.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna styrkþegum fyrir fram um vettvangsheimsóknir nema rökstuddur grunur leiki á um svik eða að styrkurinn sé misnotaður.

3. Styrkþegar skulu hafa tiltæk handa framkvæmdastjórninni öll fylgiskjöl, sem varða útgjöld vegna tiltekinnar starfsemi, í fimm ár eftir að síðasta greiðsla fór fram vegna þeirrar starfsemi. Þessi skjöl má einnig geyma á rafrænu formi.

10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin getur minnkað, hætt við eða endurheimt fjárstuðning sem er veittur samkvæmt samningi ef hún kemst að raun um vanrækslu eða verður þess vísari að samningnum hafi verið breytt án hennar leyfis á þann hátt sem fer í bága við umsamin markmið eða skilyrði fyrir framkvæmd.

2. Hafi tímamörk ekki verið virt eða styrkurinn aðeins að hluta til nýst til framkvæmdar sammings skal framkvæmdastjórnin krefja styrkþegann um skýringar innan tiltekins frests. Ef skýringar styrkþegans eru ekki fullnægjandi getur framkvæmdastjórnin fellt niður styrkinn sem eftir er að greiða og krafist tafarlausrar endurgreiðslu á þeim fjárhæðum sem hafa þegar verið greiddar út. Framkvæmdastjórnin skuldbindur sig til að meta slíkar skýringar skjótt og skilmerkilega.

3. Styrkþegar skulu senda framkvæmdastjórninni árlegar framvinduskýrslur þegar um er að ræða samninga sem ná yfir meira en eitt ár og fjárhagsskýrslu fyrir hvern samning innan sex mánaða frá því að hann er gerður. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja form og efni skýrslanna. Ef skýrslurnar eru ekki lagðar fram innan tímamarkanna sem mælt er fyrir um skal styrkþegi ekki lengur teljast hæfur til að hljóta frekari styrk samkvæmt þessari ákvörðun. Framkvæmdastjórnin skuldbindur sig til að meta skýrslurnar innan eðlilegra tímamarka til að komast hjá óþarfa töfum á greiðslum.

4. Allar ótilhlýðilegar greiðslur skulu endurgreiddar framkvæmdastjórninni. Heimilt er að bæta vöxtum við fjárhæðir sem eru ekki endurgreiddar tímanlega. Framkvæmdastjórnin skal setja ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta beitingu þessara rammaákvæða um samvinnu og leggja skýrslu þar að lútandi fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. mars 2003.

13. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. ROSENGREN

forseti.

VIDAUKI

Starfsemi sem bandalagið getur veitt fjárstuðning	Til viðmiðunar við ráðstöfun fjármagns 100 %
<p>A. Upplýsingar og skipti á upplýsingum um sjálfbært þéttbýlisskipulag og staðardagskrá 21 og úrbætur í gæðum umhverfis á svæðum þar sem umhverfisvandamál og félagshagfræðileg vandamál fara saman:</p> <ul style="list-style-type: none"> — að þróa tæki til að mennta, veita upplýsingar, skjalfesta og auka skilning sem ætluð eru fagfólki, markhópum, þeim sem móta stefnuna heima í héraði og almenningi, þ.m.t. staðaryfirvöldum sem vilja hrinda af stað verkefnum til að bæta frammistöðu sína í umhverfismálum, — að styðja, miðla og breiða út góðar starfsvenjur og niðurstöður úr tilraunaverkefnum á svæðum þar sem umhverfisvandamál og félagshagfræðileg vandamál fara saman, einnig til staðaryfirvalda sem eiga ekki aðild að netum sem heyra undir þessa ákvörðun. 	40 %
<p>B. Samstarf milli aðila sem tengjast sjálfbærri þróun og dagskrá 21 á evrópskum vettvangi:</p> <ul style="list-style-type: none"> — að hvetja til samstarfs milli aðila sem eru tilgreindir í aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði umhverfismála, — í samræmi við dreifræðisregluna og samstarfsregluna, að auka það starf, sem fer fram innan ramma innlendra áætlana, til að aðstoða staðaryfirvöld, m.a. að því er varðar framkvæmd umhverfisstefnu bandalagsins, verkefni til að umbreyta þéttbýli og áætlanir um endurnýjun þéttbýlis, með það fyrir augum að bæta gæði umhverfis í þéttbýli með samþættri nálgun, — að greiða fyrir skoðanaskiptum, samræmingu og upplýsingaskiptum milli neta staðaryfirvalda, sem eru skipulögð á evrópskum vettvangi, og stofnana bandalagsins, — að styðja formlegt samstarf, einnig við aðila frá löndunum sem um getur í 8. gr. 	40 %
<p>C. Nauðsynlegar hliðarráðstafanir til að greina og vakta starfsemi á sviði sjálfbærs skipulags í þéttbýli og staðardagskrá 21:</p> <ul style="list-style-type: none"> — skýrslur um stærð, útbreiðslu og eðli vandamála í þéttbýli sem unnt er að taka á á vettvangi bandalagsins, — könnun og greining á því að hve miklu leyti sjálfbær nálgun við þéttbýlisskipulag hefur náð að hafa áhrif á viðkomandi stöðum á aðra málaflokka en umhverfismálin og skal þá einkum skoða tengslin við þróunarstefnuna, — prófunar- og stuðningsþættir til að efla, samræma, nýta, breiða út og þróa vöktunarverkefnið um staðbundna sjálfbærni og sameiginlega evrópska vísa. 	20 %